

Ár 2008, þriðjudaginn 4. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör hagstofustjóra

### I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á lögum um kjararáð, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Hagstofustjóri er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

### II.

Forsætisráðuneytið óskaði, með bréfi dagsettu 19. desember 2007, eftir því að kjararáð ákvarðaði laun hagstofustjóra. Með bréfinu fylgdu lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007. Jafnframt var kjararáði tilkynnt að þáverandi staðgengill hagstofustjóra hefði verið settur tímabundið til að gegna starfi hagstofustjóra frá 1. janúar 2008 þar til nýr hagstofustjóri hefði verið skipaður. Kjararáði barst síðan afrit af skipunarbréfi dagsettu 29. janúar 2008, í embætti hagstofustjóra frá 1. mars 2008. Í áður nefndu bréfi dagsettu 19. desember 2007 kemur fram að 1. janúar 2008 verði Hagstofa Íslands lögð niður sem ráðuneyti og á sama tíma taki gildi ný lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Í 1. gr. laganna segi að Hagstofan sé miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafi forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir á því sviði. Hjá Hagstofu Íslands séu 84,3 ársverk auk hlutastarfa spyrila við ýmsar kannanir. Fjárveiting til stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum 2008 að frádregnum 64 m.kr. sértekjum sé 664 m.kr. Í bréfinu eru helstu verkefni hagstofustjóra talin upp, en þau eru að stýra Hagstofu Íslands, að bera faglega ábyrgð á hagskýrslugerð Hagstofunnar, að ráða aðra stjórnendur og starfsfólk, auk þess sem hann sé ábyrgur fyrir rekstri Hagstofunnar og skipuleggi starfsemi hennar í samræmi við ákvæði laganna. Fram kemur að hagstofustjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna. Einnig sé gerð krafa um reynslu af stjórnun og rekstri auk samskipta- og leiðtogahæfileika. Að endingu segir í bréfinu að tilgangur nýrra laga sé að skýra stjórnarsýslulega stöðu, hlutverk og skipulag Hagstofunnar og að búa henni og opinberri hagskýrslugerð viðhlítandi lagagrundvöll. Verkefni stofnunarinnar og ábyrgðarsvið forstöðumanns verði sambærileg að umfangi og áður, meðan því gegndi ráðuneytisstjóri.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2008 var fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Með bréfi dagsettu 29. janúar 2008 var settum hagstofustjóra gefinn sami réttur. Þá var nýskipuðum hagstofustjóra, með bréfi dagsettu 1. febrúar 2008, gefinn kostur á að koma framfæri sjónarmiðum sínum. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 23. janúar 2008 og kom ekki fram afstaða til málsins. Ekki barst bréf frá settum hagstofustjóra.

Í bréfi skipaðs hagstofustjóra dagsettu 18. febrúar 2008 kemur fram að Hagstofa Íslands sé 80 manna vinnustaður og heildarútgjöld samkvæmt fjárlögum 2008 séu um 720 m.kr., en þar af séu 64 m.kr. fjármagnaðar með sértekjum. Með nýjum lögum sé sjálfstæði Hagstofunnar og hagstofustjóra staðfest og lagaleg umgjörð hagskýrslustarfsemi styrkt. Í

lögnum sé tekið mið af grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna og verklagsreglum í evrópskri hagskýrslugerð. Einnig sé höfð hliðsjón af löggjöf nágrannaþjóða. Loks sé tekið mið af fyrirliggjandi tillögum að nýrri löggjöf Evrópusambandsins (ESB) um hagskýrslugerð. Þá segir að hagstofustjóri beri ábyrgð á faglegri og fjárhagslegri stjórnun stofnunarinnar, hann ráði stjórnendur og starfslíð og skipuleggi starfsemi hennar. Stór hluti starfsmanna séu háskólamenntaðir sérfræðingar. Hagstofustjóri beri ábyrgð á að móta stofnuninni stefnu og forgangsraða verkefnum hennar í samræmi við fjárheimildir, auk þess að taka þátt í viðamiklu samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Í starfinu felist að sinna samstarfi við Norðurlöndin um hagskýrslugerð og sækja fundi á vegum ESB um gerð staðla og söfnun upplýsinga. Í bréfinu kemur fram að miklar kröfur séu gerðar til hagskýrslugerðar, enda séu hagskýrslur grundvöllur stefnumórkunar stjórnvalda og ríkur þáttur í alþjóðlegu samstarfi þar sem ríki séu borin saman og gerðar séu kröfur um áreiðanleika og sambærileika ganga. Hagstofan reki í því skyni umfangsmikla tölvudeild og þurfi að uppfylla ströng skilyrði um geymslu og stjórnun aðgangs að gögnum. Á umliðnum árum hafi stjórnvöld falið hagstofustjóra ýmis tímabundin verkefni svo sem að stýra sérfræðinefndum eða vera stjórnvöldum til ráðgjafar á tilteknum sviðum. Hagstofustjóri sitji í ríkisreikninganefnd sem geri tillögu til fjármálaráðherra um framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga. Störf hagstofustjóra krefjist því talsverðra samskipta við aðila innanlands vegna söfnunar og úrvinnslu upplýsinga og talsverðrar þátttöku í erlendu samstarfi auk þess að reka stóran vinnustað.

### III.

Með lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands var meðal annars gerð sú breyting að Hagstofa Íslands skyldi lögð niður sem sérstakt ráðuneyti frá og með árslokum 2007. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á lögnum kom fram að ætlunin væri að Hagstofunni yrði breytt í sjálfstæða ríkisstofnun og skyldi sú breyting taka gildi í ársbyrjum 2008.

Í 1. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, sem tóku gildi 1. janúar 2008, segir að Hagstofa Íslands sé sjálfstæð stofnun sem heyri undir forsætisráðherra og vinni að opinberri hagskýrslugerð samkvæmt lögnum. Hún sé miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafi forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál. Með opinberri hagskýrslugerð sé átt við starfsemi Hagstofunnar og annarra bærra ríkisstofnana sem lúti að söfnun gagna til tölfræðilegrar úrvinnslu um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni, úrvinnslu gagnanna og miðlun tölfræðilegra upplýsinga til almennings, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda á grundvelli laga og í samræmi við fyrirmæli sett samkvæmt lögnum. Í 2. gr. laganna segir að Hagstofan skuli ákveða verkefni sín og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar til stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila. Í 3. gr. laganna segir að Hagstofan annist samræmingu opinberrar hagskýrslugerðar sem hún og aðrar ríkisstofnanir hafi með höndum samkvæmt 1. gr. Í 4. gr. laganna segir að Hagstofunni stýri hagstofustjóri sem skipaður sé af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Hagstofustjóri skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna. Hagstofustjóri ráði aðra stjórnendur og starfslíð Hagstofunnar. Hann sé ábyrgur fyrir rekstri stofnunarinnar og skipuleggi starfsemi hennar. Þá beri hann faglega ábyrgð á hagskýrslugerð Hagstofunnar.

Samkvæmt 47. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins situr hagstofustjóri í ríkisreikningsnefnd.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Hagstofa Íslands er ný ríkisstofnun á gömlum grunni og hafa hagstofustjóra ekki verið ákveðin laun eftir breytinguna sem gerð var með lögum nr. 163/2007. Við ákvörðun launa hans hefur verið litið til launa forstöðumanna hliðstæðra ríkisstofnana.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör hagstofustjóra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2008 skulu mánaðarlaun hagstofustjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 708.863 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör hagstofustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir